

Leifur Örn Svavarsson

Snjóflóðavaktin

Uppgjör vetrarins 2002 - 2003

1 INNGANGUR

Snjóflóðavaktin hefst að jafnaði 15. október en haustið 2002 hófst vaktin þann 9. október sökum mikillar úrkomu á Austurlandi. Vaktin stóð fram til 15. apríl, 2003 og var ekki talin ástæða til að framlengja hana, því sá takmarkaði snjór sem eftir var í fjöllum var orðin stöðugur og veðurútlit þokkalegt.

Veturinn 2002–2003 var áttundi veturinn sem viðbúnaðarkerfi vegna rýminga hefur verið rekið á Veðurstofunni og sá rólegasti frá upphafi. Sex starfsmenn gengu snjóflóðavaktir síðastliðinn vetur. Einn nýr starfsmaður kom inn á vaktirnar í vetur, Leifur Örn Svavarsson. Í fyrstu var hann með Magnúsi Má á vöktunum en fór að sinna eðlilegri vaktskyldu er leið á veturinn. Veturinn var seinasti vetur Magnúsar Más Magnússonar hjá Veðurstofunni. Fyrir snjóflóðavaktina er mikil eftirsjá í Magnúsi með hans 15 ára starfsreynslu.

20 snjóathuganamenn eru starfandi í 14 byggðalögum, 7 menn skipta með sér 5 stöðum „aðalmanna“ og 13 starfa sem „aðstoðarmenn“. Ekki urðu breytingar á starfsháttum þeirra.

Eins og gert hefur verið í skýrslum síðustu vetra, skrifa snjóathuganamenn stutt yfirlit um veturinn eins og hann kom þeim fyrir sjónir. Þessar samantektir eru í viðauka C.

2 RÝMINGAR

Í fyrsta sinn frá því að viðbúnaðarkerfi vegna rýminga var sett upp á Veðurstofu Íslands kom aldrei til þess að setja þyrfti á viðbúnaðarástand vegna snjóflóðahættu hvað þá að kæmi til rýminga á húsum.

Viðbúnaðarkerfi snjóflóðavaktar var virkjað vegna mikillar úrkomu og aurskriðuhættu á Austfjörðum í nóvember. Þá var tvisvar sett á samsvarandi vakt og í viðbúnaðarástandi vegna snjóflóðahættu. Var það gert í úrkomutoppum dagana 11.–12. nóvember og 21.–22. nóvember. Gerðar voru sérspár með tilliti til úrkomu og upplýsingar sendar almannavarnarnefndum á viðkomandi stöðum. Í framhaldi af því ákvað almannavarnarnefnd Seyðisfjarðar í fyrra tilfellinu að biðja íbúa nokkurra húsa að hafa vara á sér en í síðara tilfellinu ákvað almannavarnarnefnd Seyðisfjarðar að rýma níu hús sem standa við Austurveg og Fossagötu.

3 VAKTAFÓLK

Eftirfarandi starfsmenn gengu snjóflóðavaktir veturinn 2002 til 2003:

- Magnús Már Magnússon (MMM)
- Leifur Örn Svavarsson (LÖS)
- Svanbjörg Helga Haraldsdóttir (SHH)
- Tómas Jóhannesson (TÓJ)
- Esther Hlíðar Jensen (EHJ)
- Hörður Þór Sigurðsson (HÞS)

Í viðauka A er tafla sem sýnir vaktaskipulag vetrarins.

4 VIÐBÚNAÐUR Á VEÐURSTOFUNNI

Sem fyrr er rýmingarviðbúnaði skipt í þrjú stig, svokölluð grátt, grænt eða gult ástand, eftir því hversu mikið eftirlit þarf að hafa með snjóflóðahættu á hverjum tíma. Í gráu ástandi er ekki talin hætta á snjóflóðum, en fylgst er með veðurspám á hverjum degi og metið hvort

slík hættu kunni að skapast á næstu dögum. Ef hættu er talin geta skapast á næstunni er lýst yfir viðbúnaðarástandi, sem auðkennt er með grænum lit. Þegar ákveðið hefur verið að rýma hús, er ástandið auðkennt með gulum lit. Veturinn 2002–2003 var aldrei farið af gráu ástandi. Veðurstofunni ber ekki lögformlega að sinna viðvörunum vegna aurskriðuhættu. Þegar úrkoma verður óvenju mikil, á því tímabili sem snjóflóðavakt Veðurstofunnar er rekin, sinnir Veðurstofan engu að síður upplýsingamiðlun til almannavarnanefnda.

5 BAKVAKTIR

Fjöldi skráðra tíma á bakvöktum var sem hér segir:

Vaktahlutfall	Fjöldi tíma fyrir áramót skv.			Fjöldi tíma eftir áramót skv.			Samtals skv.		
	kladda	bókhaldi	grunnvakt	kladda	bókhaldi	grunnvakt	kladda	bókhaldi	grunnvakt
33%	331,5	331,5	255	339,6	425,5	360	571,1	657	614
45%	787	787	816	897,5	1151,9	958	1684,5	1938,9	1774
90%	48	48	48	24	24,3	24	72	72,3	72
Samtals	1066,5	1066,5	1119	1261,1	1601,7	1342	2327,6	2668,2	2461

Þetta eru heildartölur, teknar úr vaktaskráningu snjóflóðavaktar og bókhaldi VÍ. Dálkurinn sem merktur er „grunnvakt“ segir til um fjölda bakvaktartíma utan lánmarksdagvinnutíma ef ekkert viðbúnaðarástand kemur upp. Ástæða þess að reiknisfærðir tíma eru færri en grunnvaktin er að bakvaktarálag er ekki greitt meðan vaktmaður sinnir annari vinnu fyrir VÍ, utan hefðbundins dagvinnutíma. Ástæða þess að greiddir vaktatímar eru fleiri en tímar skráðir í vaktaskráningu er vegna veikinda.

Í viðauka B er lýst hvernig bakvöktum var háttað.

6 TILLÖGUR UM ENDURBÆTUR OG ATRÍÐI TIL UMHUGSUNAR

Snjóflóðavaktin hefur verið í sífelldri þróun þá átta vetur sem hún hefur verið starfrækt. Dagleg starfsemi vaktarinnar er komin í nokkuð fastar skorður en engu að síður er nauðsynlegt að vera ætíð vel vakandi fyrir því sem betur má fara.

Eftir vetur eins og veturinn 2002–2003, þar sem aldrei kom til rýminga, er þörf á að halda æfingar þar sem starfsfólk snjóflóðavaktarinnar fer yfir framkvæmd þess að setja á viðbúnaðarástand og síðan ákvarðanatöku varðandi rýmingar. Æskilegt er að halda þess konar æfingu í samráði við almannavarnanefndir á snjóflóðahættustöðum og senda á faxi tilheyrandi upplýsingar og eyðublöð.

Nú, eftir að búið er að samþykkja hættumat fyrir Neskaupstað, Seyðisfjörð, Siglufjörð, Eskifjörð og Ísafjörð ásamt Hnífsdal, þarf að aðlaga rýmingarreiti og rýmingaráætlanir að hættumatinu. Einnig á eftir að ganga frá breytingum á rýmingarreitum fyrir Flateyri og Súðavík sem lagðar hafa verið til.

Ef breytingar verða gerðar á rýmingaráætlunum þarf að vinna kynningarefni fyrir almenning og almannavarnanefndir á þeim rýmingaráætlunum. Komið hefur fram tillaga um að kynna rýmingarreiti og rýmingaráætlanir í sérsímaskrárm hvers staðar, þar sem almenn-ingur hefur greiddan aðgang að þeim.

Tengd hefur verið netmyndavél frá Internetþjónustunni Snerpu, inn á vinnusíðu snjóflóðavaktarinnar. Netmyndavélin sýnir rauntímamyndir frá Ísafirði og gefur snjóflóðavaktinni aukna tilfinningu fyrir aðstæðum. Gott væri að fá aðgang að netmyndavélum á fleiri stöðum.

Eftir mikla úrkomu á Austurlandi haustið 2002 voru unnin viðmiðunargildi til að meta hvenær hætta gæti skapast af aurskriðum. Viðmiðunargildin eru uppsett á heimasíðu snjóflóðavaktar ásamt því að til reynslu er rekin netsíða sem sýnir hvenær úrkoma í tölvuspám fer yfir tiltekin viðmiðunargildi.

Þrátt fyrir að viðvörunarskylda vegna aurskriðuhættu heyri ekki lögformlega til Veðurstofu Íslands er sú vinnuregla kominn á að meðan snjóflóðavaktin starfar sinnir hún upplýsingamiðlun til almannavarnanefnda. Utan hefðbundins vaktatíma snjóflóðavaktar, það er frá 15. apríl til 15. október, geta almannavarnanefndir óskað eftir sambærilegri þjónustu, þyki ástæða til.

Viðauki A

Vaktaskipulag, frá 15. október 2002 til 15. apríl 2003, var sem hér segir¹.

Frá - Til	S1	S2	S3	S4	S5
16.10.'02 - 21.10.'02	MMM	EHJ	SHH	TóJ	HÞS
21.10.'02 - 28.10.'02	EHJ	SHH	TóJ	HÞS	MMM
28.10.'02 - 4.11.'02	SHH	TóJ	HÞS	MMM	EHJ
4.11.'02 - 11.11.'02	TóJ	HÞS	MMM	EHJ	SHH
11.11.'02 - 18.11.'02	HÞS	MMM	EHJ	SHH	TóJ
18.11.'02 - 25.11.'02	EHJ	SHH	TóJ	HÞS	MMM
25.11.'02 - 2.12.'02	SHH	TóJ	HÞS	MMM	EHJ
2.12.'02 - 9.12.'02	MMM	EHJ	SHH	TóJ	HÞS
9.12.'02 - 16.12.'02	HÞS	MMM	EHJ	SHH	TóJ
16.12.'02 - 23.12.'02	TóJ	HÞS	MMM	EHJ	SHH
23.12.'02 - 30.12.'02	HÞS	MMM	EHJ	SHH	TóJ
30.12.'02 - 6.01.'03	SHH	TóJ	HÞS	MMM	EHJ
6.01.'03 - 13.01.'03	TóJ	HÞS	MMM	EHJ	SHH
13.01.'03 - 20.01.'03	MMM	EHJ	SHH	TóJ	HÞS
20.01.'03 - 27.01.'03	EHJ	SHH	TóJ	HÞS	MMM
27.01.'03 - 3.02.'03	HÞS	EHJ	SHH	TóJ	MMM/LÖS
3.02.'03 - 10.02.'03	EHJ	SHH	TóJ	MMM/LÖS	HÞS
10.02.'03 - 17.02.'03	SHH	TóJ	MMM/LÖS	HÞS	EHJ
17.02.'03 - 24.02.'03	TóJ	MMM/LÖS	HÞS	EHJ	SHH
24.02.'03 - 3.03.'03	LÖS	HÞS	MMM	SHH	TóJ
3.03.'03 - 10.03.'03	HÞS	MMM	SHH	TóJ	LÖS
10.03.'03 - 17.03.'03	MMM	SHH	TóJ	LÖS	HÞS
17.03.'03 - 24.03.'03	SHH	TóJ	LÖS	HÞS	MMM
24.03.'03 - 31.03.'03	TóJ	LÖS	HÞS	MMM	SHH
31.03.'03 - 7.04.'03	LÖS	HÞS	MMM	SHH	TóJ
7.04.'03 - 15.04.'03	HÞS	MMM	SHH	TóJ	LÖS

MMM = Magnús Már Magnússon

EHJ = Esther Hlíðar Jensen

SHH = Svanbjörg Helga Haraldsdóttir

LÖS = Leifur Örn Svavarsson

TóJ = Tómas Jóhannesson

HÞS = Hörður Þór Sigurðsson

¹Vaktafólk skiptist iðulega á vöktum svo einhverjar breytingar geta hafa orðið á skipulaginu en þær má þá sjá í vaktabók.

Viðauki B

Reglur um bakvaktir voru sem hér segir:

Grátt ástand: S1 er á bakvakt virka daga frá klukkan 17:00, eða frá því vinnu lýkur, og fram til kl 23:00. Á föstudögum hefst bakvakt einnig eftir að vinnu líkur og stendur þar til vaktmaður mætir til vinnu á mánudagsmorgun, en eigi lengur en til kl. 09:00 þann dag.

Grænt ástand: Allir vaktstarfsmenn eru á bakvakt utan viðveru í Veðurstofuhúsinu.

Gult ástand: Allir vaktstarfsmenn eru á bakvakt utan viðveru í Veðurstofuhúsinu.

Viðauki C: Samantekt snjóathugunarmanna varðandi veðurfar, snjóalög og snjóflóð veturinn 2002-2003

Ólafsvík

Að sögn Péturs Bogasonar, snjóathugunarmanns í Ólafsvík, var veturinn með eindæmum snjólítill og varla að það gránaði í rót. Tvisvar eða þrisvar sinnum var krappa rutt af götum bæjarins, en það var nú meira gert til að hann frysi ekki. Hlerarnir voru settir fyrir glugga Heilsugæslustöðvarinnar í byrjun mars, en aldrei snjóaði svo að einhverjum dytti í hug snjóflóð.

Reykhólasveit

Að sögn Bergsveins Reynissonar byrjaði veturinn með látum um mánaðamótin október–nóvember. Þá snjóaði mikið í Gilsfirði og á Barðaströnd.

Sjórinn kom á þíða jörð og nokkrar litlar spýjur sáust renna á grasi. Eftir þetta var veturinn samfelldur sem einstaka sinnum var slitið sundur með skammvinnum éljagangi. Það dugði engu að síður til þess að bæjarlækurinn á Gróustöðum ruddi sig í byrjun febrúar með þeim afleiðingum að girðingin kringum kartöflugarðinn eyðilagðist. Var það eina snjóflóðið sem sást í Reykhólasveit, neðan fjallsbrúna, allan veturinn.

Patreksfjörður

Pröstur Reynisson

Það er ekki frá mörgu að segja eftir þennan vetur. Haustið fór í að reita saman búnaðinn og átta sig á honum.

30. nóvember var loks kominn sá snjór til fjalla að ég gæti rennt inn á Kleifaheiði og tekið æfingagryfju.

Ég beið lengi eftir frosti til að geta athafnað mig við að setja upp stikur án hættu af grjóthruni. Um miðjan janúar tókst loks að koma upp 7 stikum. Stuttu seinna kom svo vottur af snjó og 10 febrúar gerði hláku sem kom af stað nokkrum litlum flóðum.

Ég notaði tækifærið til að æfa mig í mælingum og tel að í langstærstu tungunni hafi verið 500–800 rúmmetrar. Hún stöðvaðist í efstu skriðum en aðrar spýjur náðu ekki niður úr klettum. Önnur hreyfing varð ekki á mínu svæði, nema nokkrum sinnum snjóaði yfir harðfenni svo efstu og bröttustu skaflarnir hreinsuðu sig jafn óðum.

Síðasti skaflinn hvarf um 20. apríl.

Tálknafjörður

Að sögn Guðna Jóhanns Ólafssonar, snjóathugunarmanns á Tálknafirði, var með afbrigðum snjólétt í Tálknafirði og muna elstu menn vart annan eins vetur. Síðari hluta vetrar kom smá snjór í fjallatoppa og þá helst í Austurfjöllin, en varla neitt í Vesturfjöllin. Frá Tálknafirði sér í snjóskafi einn sem stendur oftast fram í september, en núna (20. maí 2003) er hann svo gott sem horfinn.

Bíldudalur

Að sögn Ævars Guðmundssonar, snjóathugunarmanns á Bíldudal, þá var veturinn 2003 í rauninni engin vetur. Þetta var snjóléttasti vetur í manna minnum og snjór aldrei til nokkurra vandræða.

Skutulsfjörður, Önundarfjörður, Hnífsdalur og Súðavík

Oddur Pétursson

Haustið var hlýtt og snjólétt.

Október. Hlýtt og snjólaust. Gránað í fjöll nokkru sinnum. 18. október varð jörð alhvít í sjó í fyrsta sinn í haust. Snjódýpt í byggð á Ísafirði var 2–3 sm til mánaðamóta.

Nóvember. Veðurfar var óvenju hlýtt og engin illviðri, oft voru stillur og úrkomulítið, snjólaust í byggð og lítið til fjalla. Þann 19. mældist samt 115 sm snjódýpt á mælistiku í Kistufelli.

Desember. Veðurfar óvenju hlýtt, stillur og hlýindi. Snjólaust í byggð og lítið til fjalla.

Janúar. Fyrripart mánaðarins var óvenju hlýtt, oftast austan eða suðvestlægur áttir. Þann 14. kólnaði með norðaustlægri átt og éljagangi og varð alhvít í byggð. Þann 20. jan. mældist snjódýpt í byggð 4 sm hafði þá verið snjólaust í byggð á Ísafirði síðan 3. nóvember. 20. janúar mældist snjódýpt á mælistiku á Kistufelli 107 sm. Svipað veðurfar hélst til mánaðamóta og var þá snjódýpt í byggð 0 sm.

Febrúar. Tíðarfar var umhleypingasamt oftast suðvestlægur vindur og éljagangur og hiti breytilegur en oftst nálægt frostmarki. Um þetta leyti bætti dálítið á snjó til fjalla en lengst af var snjólaust að kalla í byggð. Mest mældist 8 sm snjódýpt í byggð þann 9. febr. Frá 17. til 19. var SV kaldi með éljagangi og 19. til 20. var NA kaldi og él og hiti um frostmark. Þann 20. var snjódýpt í byggð 0 sm en á mælistiku á Kistufelli var snjódýpt 140 sm þá féllu fjórar snjóflóðaspýjur að stærð <1 á Kirkjubólshlíð innri. Var ein þeirra GPS-mæld en hinar skráðar á kort og skýrslu.

Fram til mánaðamóta var hiti ofan við frostmark og fór yfir +8°C þann 28. febrúar og var þá snjólaust í byggð en við mælistöðina Seljalandsdal var 83 sm snjódýpt.

Mars. Frá 4. til 9. mars var NA átt með éljagangi og var hiti í byggð 0° til –3°C á þessu tímabili. Þann 11. var snjódýpt í byggð 6 sm. Á Kistufelli var snjódýpt 150 sm og á Seljalandsdal 137 sm.

Þann 10. féllu snjóflóð í Innra-Bæjargili, stærð <1, og Ytra-Bæjargili, stærð 2, og þann 12. féll snjóflóð í Funagili af stærð <2.

Aðfaranótt 12. hlýnaði í +7,5°C með SV stinningskalda og rigningu og tók upp að mestu snjó í byggð. Veðurfar til mánaðamóta var mjög umhleypinga- og vindasamt, hiti frá frostmarki upp í +10°C. Við mælingar á snjóstikum 19. mars mældist snjór á aðeins einni stiku, efstu stikunni í Seljalandshlíð (60 sm). Þann 29. mars var snjódýpt á mælistöð á Kistufelli 167 sm og á Seljalandsdal 82 sm.

Apríl. Frá 1. til 20. voru suðlægur áttir og hlýtt. Fór þá hiti í allt að +12°C á daginn. Þann 15. apríl var snjódýpt í Kistufelli 165 sm og á Seljalandsdal 61 sm.

Frá 20. til 30. apríl var NA átt, oft kaldi með éljagangi, og hiti um 0°C í byggð. Ekki festi snjó í byggð á þessu tímabili, en gránaði stundum niður í miðjar hlíðar. Snjólaust var í byggð allan mánuðinn og óvenju snjólétt til fjalla.

Engin snjóflóð féllu í aprílmánuði.

Veturinn í heild

Veturinn var mjög hlýr og snjóléttur, oft suðlægar áttir. Skráð eru sjö lítil snjóflóð, öll 2 eða minni en 2 að stærð. Ekki kom til að sett væri á viðbúnaðarstig.

Mesta snjódýpt sem mældist í byggð á Ísafirði var 9 sm þann 5. mars. Mesta snjódýpt á Kistufelli var mæld 29. mars, 167 sm.

Skíðalyftur í Tungudal voru opnar á tímabilinu frá 13. febrúar til 19. mars. Oft var mjög snjólítið á svæðinu og skíðafæri því ekki gott.

Þess má geta að Fossavatnsgönguna, sem ætíð er haldin um mánaðamótin apríl/maí (fór nú fram þann 3/5 2003), þurfti að flytja frá hefðbundinni leið. Fossavatnsgangan hefur verið haldin samfelt frá 1955 en aðeins einu sinni áður hefur komið til þess að breyta þurfi frá hefðbundinni leið vegna snjóleysis.

Snjódýpt við mælistiku Kistufelli frá 1999

Snjódýpt við mælistiku á Kistufelli í 600 m h.y.s. síðastliðin fimm ár:

18.4.1999	400 sm	Mesta snjódýpt mældist	17. mars	402 sm
15.4.2000	295 sm	Mesta snjódýpt mældist	22. mars	305 sm
17.4.2001	275 sm	Mesta snjódýpt mældist	3. mars	295 sm
16.4.2002	184 sm	Mesta snjódýpt mældist	20. febr.	190 sm
15.4.2003	165 sm	Mesta snjódýpt mældist	29. mars	167 sm

Bolungarvík og nágrenni

Jóhann Hannibalsson

Október: Snjóalaust veður, stillt og milt. Veturinn byrjaði að sýna sig á öðrum degi samráðsfunds snjóathugunarmanna sem haldinn var á Ísafirði 17. – 18. okt.

Nóvember: Hlýr og vætusamur.

Desember: Hlýtt en talsvert frost gerði seinustu dagana fyrir áramótin og mikla ísingu í fjöll. Umhleyppingasamt, snjólétt og talsvert frost síðustu viku mánaðarins.

Janúar: Engin stórveður, ísing í fjöllum niður fyrir kletta.

Febrúar: Mánuðurinn var sérlega mildur og nánast snjólaust á láglandi en stundum vindasamt.

4. Tvö snjóflóð úr Erninum.

Mars: Mild veðráttu, snjólítið.

12. Tvö snjóflóð féllu úr Heiðnafjalli eftir norðaustan hraglanda dagana á undan.

Apríl: Snjólítið og hlýtt. Syðradalsvatn var orðið íslaust þann 7. apríl 2003.

Samtekt: Veturinn í heild var með afbrigðum snjólítil og mildur.

Siglufjörður

Örlygur Kristfinnsson

Haustið var góðviðrasamt. Um miðjan október varð hvít jörð í nokkurri snjókomu, snjódýpt við skóvarp og upp í mjóalegg. Áfram hélt að snjóa ögn í hægri norðanátt. Þíða var síðustu daga október en aftur 16–18 sm snjódýpt um mánaðamótin.

Hlýtt og þíða fyrstu daga nóvembermánaðar. Þann 11. NA-stormur og rigning og um miðjan mánuðinn gerði 10–12 sm snjó á láglandi. Sá snjór hvarf í þíðviðri um 20. sem hélst út mánuðinn með allt að 7 stiga hita.

Blítt og kyrrt veður hélst áfram lengst af í desember. Á þriðja í jólum fór að rigna og kólna og gerði um 10 sm fól sem um áramót var samkvæmt gamalli mælingartækni talið rétt í mjóalegg.

Um 10. janúar hlýnaði og tók upp þann litla snjó sem var kominn. Frá 16.–24. snjóaði í norðanáttum með frosti allt að 7 gráðum. Um 30–40 sm snjódýpt. Enn þiðnaði undir mánaðamót.

Í byrjun febrúar kólnaði með allhvössu hríðarveðri. Lítil snjór miðað við árstíma, 10–105 sm snjódýpt á láglandi og til fjalla. Viku af febrúar mildaðist veður með þíðu en umhleyppingasömu veðri og segja má að undantekningalítið hafi veður verið sem á vori það sem eftir lifði mánaðarins.

Á fjórða degi mars fór kólnandi með norðanátt og rigningu sem varð að ærlegri stórhrið þann níunda og en vetrarvöldin stóðu þó aðeins í viku. Þá hófst enn einn blíðviðriskafinn sem hélst út mánuðinn.

Vetrarveður þann 1. apríl var eins og hvert annað ómerkilegt gabb því dagurinn var vart liðinn er sunnanáttin tók sig upp á ný og hélst með mismiklu góðviðri fram á þriðja í sumri. Besti dagur þessa vetrar var föstudagurinn langi með bjartviðri, utangolu og 20 stiga hita. Í vetrarlok var æðarfugl farinn að búa sig undir varp og vitað er að settar voru niður kartöflur. Sumarið var þó vart gengið í garð er kólnaði verulega með NA-átt, snjókomu og frosti sem enn sér ekki fyrir endann á þegar þetta er ritað 4. maí.

Niðurstaðan er sú að liðinn er einn mildasti og snjóléttasti vetur sem elstu Siglfirðingar muna og líkja þeir honum helst við góðviðrisveturinn 1963. Þrjú snjóflóð féllu í vetur sem náðu því að vera skráningarhaf og aldrei þurfti að hugsa til rýminga.

Ólafsfjörður

Ari Eðvaldsson

Í heild var veturinn mjög snjóléttur og man ég ekki jafn góðan vetur. Ríkjandi suðlægar áttir og lítið um vond veður. Lágheiði var aðeins lokuð um 40 daga vegna snjóa og er það einsdæmi.

Álestrar á snjódýptarstikum í Tindaöxl byrjuðu í janúar og mest snjódýpt mældist 4. febrúar. Þá mældist 60 cm á stiku nr. 1, 90 cm á stiku nr. 2 og 10 cm á stiku nr. 3. Mesti jafnfallni snjór sem mældist á flugvellinum var 29 cm, þann 25. október 2003.

Mjög góð veður voru í nóvember og desember og oft góður hiti.

15. janúar 2003 mældist 10 cm jafnfallinn snjór á flugvellinum.

Þann 1. febrúar gekk í norðanátt með kulda og fór frost niður í -14°C þann 5. febrúar.

10. febrúar gerði hláku og tók upp mikinn snjó.

20. febrúar fór aftur að snjóa og 21. febrúar var jafnfallinn snjór á flugvellinum 12 cm.

Í febrúarmánuði mælist hæsti meðalhiti á Ólafsfirði frá því 1965.

15. mars féll snjóflóð að stærðinni 2 í Ytriárdal. Veður var SV-4 og hiti +8°C.

Einmunatíð var almennt í febrúar og mars og komst hiti upp í +15°C. 31. mars gekk í NV-átt með snjókomu þegar leið á kvöldið og þann 1. apríl voru 16 cm af jafnföllnum snjó á flugvellinum.

Þann 26. apríl mælist 8 cm jafnfallinn snjór á flugvellinum og 30. apríl var hvítt yfir en snjó tók upp á götum.

Þann 1. maí var jafnfallinn snjór 4 cm en tók fljótt upp. Frekar kalt hefur verið fram í miðjan maí, þegar þetta er ritað.

Seyðisfjörður

Emil Tómasson

Veturinn í vetur hefur verið frekar rólegur hvað varðar snjó en var mun fjörugri vegna rigninga í upphafi vetrar. Það rigndi rúma 900 mm í nóvember í úrkomumælinn við Hánefsstaði í Seyðisfirði. Meðalársúrkoma hér fyrir austan er 1400 til 1500 mm, svo menn sjá að það var mjög blautt hér. Við fengum aurskriðu hér 12. nóvember úr Botnabrún sem fór á íbúðarhús. Það féllu 3 aurflóð í viðbót í kringum 20. nóvember sem stöðvuðust ofan byggðar og ollu ekki skaða. Það voru rýmd hús hér í töluverðan tíma. Það mynduðust miklar sprungur í jarðvegi í Botnabrúnunum ofan við bæinn að sunnanverðu og þær sprungur stækkuðu eftir að stytta upp.

En af snjó er það að segja að það fór að snjóa um miðjan október og var töluverð úrkoma því það þurfti að ýta götur í bænum. Hann kom svo niður með rigningunni í nóvember og tók allan upp. Við þessar aðstæður féllu 9 stikur í Bjólfi. Það fór síðan að snjóa um miðjan janúar og stóð fram yfir 10. febrúar. Eftir það er varla hægt að tala um snjó hér.

Þegar ég var að mæla af stikum í Bjólfi í lok mars tók ég eftir dauðu hreindýri. Það kom síðan í ljós að þau voru 3 sem hafa trúlega lent í snjóflóði í efri Kálfabotnum í byrjun febrúar.

Undanfarin ár höfum við mælt snjódýpt í Kálfabotnum um miðjan maí en það er ljóst að ekki verður af því á þessu ári sökum snjóleysis.

Neskaupstaður

Guðmundur Helgi Sigfússon

Þessi vetur hefur verið mjög mildur og snjóléttur í Neskaupstað. Tvisvar á árinu 2002 gerði mjög mikla úrkomu, í bæði skiptin rigningu sem hafði í för með sér talsverða vatnavexti. Í fyrra skiptið, 19. júní, urðu vatnavextir mestir í dölunum inn af Norðfirði og urðu skemmdir nokkrar í Fannardal þar sem árnar gerbyltu landslagi innan við Naumamel en ollu þó engu tjóni nema á umhverfi Norðfjarðarárinnar.

Í seinna skiptið, 27. nóvember, gerði mikla úrkomu og urðu þá lækir í bænum mjög stórir. Lítil aurspýja kom úr Urðarbotnum, nánast eingöngu úr farvegi læksins rétt ofan kletta og einnig neðan þeirra. Þegar leið á kvöldið stíflaðist ræsi í gegnum Þiljuvelli og fór þá lækurinn yfir götuna og niður Stekkjargötuna. Tók hann undirstöðusúlu undan bílskúr við Þiljuvelli 21 þannig að horn skúrsins seig aðeins niður og einnig flæddi vatn og aur inn í geymsluhús að Stekkjargötu 5. Þá rifnaði upp malbik á stórum kafla í Stekkjargötu. Frá miðnætti til miðnættis mældist úrkoma 154 mm og 64 mm sólarhringinn á eftir.

Alhvíta jörð gerði fyrst 18. október og snjóaði lítilsháttar á hverjum degi. 27. okt. var mest orðinn 20 cm jafnfallinn snjór yfir öllu. Um mánaðamót okt.–nóv. fór að hlýna og hiti komst oft vel upp fyrir +5°C þannig að bráðnun varð mikil og allur snjór var horfinn af

láglandi 4. nóv og nánast snjólaust til fjalla eftir 5. nóv. Í desember var snjólaust með öllu og frostlaust en um áramótin gerði aðeins slyddu.

17. janúar hófst svo stuttur snjóakaffi og varð talsverð ófærð. Frost fór ekki niður fyrir -5°C og var oftast í kring um frostmark.

10. febrúar hófst svo hlýinda- og rigningarkaffi og hvarf allur snjór á nokkrum dögum. Örlitla fól gerði aftur 8. mars en hún hvarf strax aftur. Aftur gerði litla fól 12. apríl en hún hvarf aftur daginn eftir.

Þann 18. apríl gerði mikil hlýindi og gott veður og var gróður farinn að taka vel við sér. Þá gerði alhvíta jörð 26. apríl, hún hvarf strax af láglandi en fól hélst til fjalla í nokkra daga.

Hiti fór niður fyrir frostmark í einn dag um mánaðamótin apríl–maí og urðu skemmdir á trjám og runnum sem sprungið höfðu út. Síðan hefur hiti haldist milli 5 til 12°C og verið ágætis veður. Nú síðustu dagana hefur þó komið aðeins fól í fjallatoppa (17. maí) þó hiti hafi haldist um $+4$ til $+9^{\circ}\text{C}$. Engin snjóflóð sáust þennan vetur yfir byggð í Neskaupstað.

Eskifjörður

Hjalti Sigurðsson

Veturinn byrjaði með þessari venjulegu ofsa rigningu og viðeigandi skriðum. Að vísu rigndi mest inni í Reyðarfirði og var úrkomu á Eskifirði ekki nema $1/3$ af þeirri úrkomu.

Ekki var nú mikið hægt að mæla snjókomu þennan veturinn og er allur snjór að kalla horfinn úr fjöllum þegar þetta er ritað seinnipart maí mánaðar. Það voru ekki margir dagar, í vetur, þar sem var hægt að sjá skafla nema uppi í 600 m hæð. Rigningin hefur farið illa með snjóstikurnar sumar hverjar og þarf að lagfæra a.m.k. einhverjar þeirra í sumar. Vinna í vetur hefur verið mest stúss vegna væntanlegra varnarmannvirkja meðfram lækjum og ám. Annars þakka ég fyrir samstarfið í vetur.

Viðauki D: Skráð snjóflóð veturinn 2002-2003

Veturinn 2002 til 2003 bárust Veðurstofu Íslands 33 snjóflóðaskýrslur sem innihéldu upplýsingar um 36 snjóflóð. Búast má við að upplýsingar um fleiri snjóflóð eigi eftir að berast þannig að þetta þarf ekki að vera endanlegur fjöldi skráða snjóflóða fyrir veturinn 2002–2003. Haustið 2003 verður gefinn út snjóflóðaánnáll fyrir vetrinn 2002–2003 þar sem frekari upplýsingar koma fram.

Dreifingu skráða snjóflóða má sjá í eftirfarandi töflu:

Staður	Fjöldi skýsla	Fjöldi snjóflóða	Fjöldi færsla í gagnagrunn
Vegagerðin Reyðarfirði	21	23	9
Bolungavík	4	4	4
Síglufjörður	2	3	3
Isafjörður	2	2	2
Flateyri	2	2	2
Ólafsfjörður (Vegagerðin Akureyri)	1	1	1
Mýrdalur	1	1	1
Samtals:	33	36	22

Mismunur á fjölda skýrsla og fjölda snjóflóð kemur til af því að stundum eru skráð eru fleiri en eitt snjóflóð í sömu snjóflóðaskýrsluna. Mismunur á fjölda snjóflóða og fjölda færslna í gagnagrunn kemur til vegna þess að stundum eru skráð fleiri en eitt snjóflóð inn á sama gagnagrunsnúmer (ef þau falla á sama tíma og eru í sama snjóflóðafarvegi).